

# KEILUSAMBAND ÍSLANDS

## Fundargerð

Yfirskrift / efni:	10. fundur stjórnar KLÍ, 2012-2013
Staðsetning:	Skrifstofu KLÍ
Hvenær:	Miðvikudagur 9.1.2013 kl. 17:25
Pátttakendur:	Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMB) formaður Heiðar Rafn Sverrisson (HRS) Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) varamaður Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður Karenina Kristín Chiodo (KKC) varamaður Höskuldur Höskuldsson (HH)
Boðuð forföll:	Ólafur Páll Vignisson (ÓPV) Sigurbjörn St. Vilhjálmsson (SSV) starfsmaður KLÍ Ingi Geir Sveinsson (IGS)
Fjarverandi:	
Fundarritari:	HRS

Helstu mál:	Kvörtun, Íslandsmótin, Íslandsmót Seniora, Önnur mál
-------------	--

## Dagskrá fundarins:

### 1. Kvörtun:

Tekin var fyrir kvörtun frá Grétu Jónsdóttir sem sent hefur KLÍ þrjú bréf vegna tveggja sona hennar, þar sem hún óskar eftir viðbrögðum KLÍ vegna samskipta þeirra við eiganda Keiluhallarinnar. ÞMP var falið að hafa samband við eigendur Keiluhallarinnar og kanna hug þeirra um lausn á málinu og í kjölfarið mun stjórn svara bréfum Grétu.

### 2. Íslandsmótin:

ÞMP spurði um hvernig undirbúningi fyrir Íslandsmót einstaklinga stæði og fór HRS yfir það hver staðan væri, en eftir er að finna starfsfólk fyrir mótið og setja af stað skráningu.

LHM spurði hvort ekki mætti breyta því fyrirkomulagi sem verið hefur á Íslandsmóti einstaklinga, þar sem talsverðar óánægju gætit meðal kvennkeilara með það fyrirkomulag sem nú gildir og var niðurstaða umræðunnar sú að taka þyrfti málið fyrir á sambandsþingi KLÍ.

ÞMP kom með hugmynd um að mótanefnd setti í gang undirbúning fyrir Íslandsmót Seniora, sem væri Íslandsmót fyrir keilara 50 ára og eldri og var það samþykkt að mótanefnd hefji undirbúninga á því. Einnig var ákveðið að KLÍ sendi inn þátttökutilkynningu vegna Heimsmeistaramóts Seniora sem haldið verður í Las Vegas í haust, en þessi tilkynning er ekki bindandi og endanleg ákvörðun um þátttöku verður tekin síðar.

### 3. Önnur mál:

Norðurlandamót 65 ára og eldri:

ÞMP spurði hvort áhugi væri á að senda leikmenn á Norðurlandamót 65 ára og eldri sem haldið verður í Helsinki í júní 2013. Samþykkt að senda ekki lið í mótið þar sem ekki er nægilegur fjöldi iðkenda á þessum aldri innan Keilusambands Íslands.

Afreksstefna KLÍ:

ÞMP óskaði eftir leyfi stjórnar til að fá sér til aðstoðar fólk til að vinna að afreksstefnu KLÍ og var það samþykkt.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 18:30.  
Næsti fundur hefur ekki verið ákveðin.